

Skipulags- og samgöngurráð, dags. 12. sept. 2020: Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi fyrirspurn um stefnu Strætó hvað viðkemur lausagangi strætisvagna á biðtíma.

Bílar sem brenna bensín eða dísel eyða og menga mest á litlum hraða í fyrsta gír, svo ekki sé talað um kyrrstöðu. Þá brenna þeir og menga til einskis. Flestir nýir einkabílar af öllum gerðum eru í dag með hugbúnað sem lokar fyrir eldsneyti til vélarinnar þegar verið er að hægja á ferðinni og stöðvar síðan vélina þegar menn stoppa, t.d. á ljósum, en ræsir síðan sjálfvirkt vélina aftur þegar bremsunni er sleppt.

Þetta á ekki við um þá vagna sem Strætó notar. Þeir eru alltaf í gangi í akstri, sem og þegar stoppað er á ljósum eða á stoppistöðvum í lengri og skemmri tíma. Það er alltaf bílstjórans á þessum vögnum því að ákveða hvenær drepið er á vélinni og hvenær ekki. Borgarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram eftirfarandi fyrirspurnir:

Hver er stefna Strætó. bs hvað þetta varðar?

Hvað er bílstjórum Strætó. bs kennt og uppálagt í þessum efnum?

Óskað er eftir að fá yfirlit yfir þá þjálfun og fyrirmæli sem strætisvagnabílstjórar fá hvað þetta varðar og þá er átt einnig við hvort bílstjórar fái ekki þau fyrirmæli að hafa vagna aldrei í lausagangi á biðstöð s.s. á Hlemmi eða í Mjódd?



Reykjavík 13. október 2020

Skipulags- og samgönguráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Efni: Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins frá 26.08.2020 nr. US200254 um stefnu Strætó hvað viðkemur lausagangi strætisvagna á biðtíma.

Stefna Strætó er sú að vagnar séu ekki í lausagangi á biðstöðvum lengur en þörf krefur.

Búnaður sem stöðvar vél vagnsins sjálfkrafa t.d. á umferðarljósum hefur ekki verið fánlegur í strætisvagna. En þess má geta að nýjustu vagnar Strætó eru umhverfisvænir raf- og metanvagnar.

Strætó hefur lagt í kostnað vegna breytinga á Euro 6 vögnum þannig að vél bílsins stöðvast sjálfkrafa eftir 5 mínútna lausagang.

Allir nýir vagnstjórar Strætó fá fræðslu um lausagang vagna í nýliðaþjálfun. Vagnstjórum ber að stöðva vél vagnsins í lengri stoppum, sérstaklega þar sem hlé er gert á akstri og vagnstjórar yfirgefa vagninn. Þá er vagnstjórum reglulega bent á þessa vinnureglu með skilaboðum á upplýsingaskjám og í tölvupósti.

Samkvæmt 14. grein reglugerðar um ökuskírteini ber þeim sem stunda vöru- og farþegaflutninga í atvinnuskyni, þar á meðal vagnstjórum Strætó, að sækja endurmenntunarnámskeið sem kennd eru samkvæmt námskrá Samgöngustofu. Eitt námskeið af þeim sjö námskeiðum sem haldin eru í þessum flokki heitir Vistakstur – öryggi í akstri. Þar segir um markmið námskeiðsins: „Markmiðið er að bílstjórinn þekki hugmyndafræði vistakstur og með hvaða hætti hann getur lágmarkað eldsneytiseyðslu og umhverfismengun og hámarkað öryggi sitt og annarra í umferðinni með réttu aksturslagi“. Allir vagnstjórar Strætó sitja umrædd námskeið. Þess ber einnig að geta að Strætó er viðurkenndur námskeiðshaldari af Samgöngustofu.

Virðingarfyllt,

Jóhannes S. Rúnarsson, framkvæmdastjóri